

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 193/2021

frá 9. júlí 2021

### um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/412 frá 8. mars 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/962 að því er varðar endurskoðun á tímabundinni niðurfellingu leyfis fyrir etoxýkíni sem fóðurukefni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/420 frá 9. mars 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1097 um leyfi fyrir lútinauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta* sem fóðurukefni fyrir alifugla (að undanskildum kalkúnum) til eldis og til varps og fyrir aukategundir alifugla til eldis og til varps <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/421 frá 9. mars 2021 um leyfi fyrir tinktúru úr *Artemisia vulgaris* L. (búrótartinktúru) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/422 frá 9. mars 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) <sup>(4)</sup>.
- 5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/426 frá 10. mars 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 að því er varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/485 frá 22. mars 2021 um leyfi fyrir fóðurukefnunum engiferilmkjarnaolíu úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir allar dýrategundir, engiferóleóresíni úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 25.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 18.

eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldisvín, gyltur, mjólkurkúr, eldiskálfa (staðgöngumjólk), eldisnautgripi, sauðfé, geitur, hesta, kanínur, fiska og gæludýr og engifertinktúru úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir hesta og hunda <sup>(6)</sup>.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/505 frá 23. mars 2021 að því er varðar synjun um leyfi fyrir 60% fosfórsýru á kísilburðarefni sem fóðuruakefni sem tilheyrir virka hópnun rotvarnarefni <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/506 frá 23. mars 2021 um leyfi fyrir metanþíóli sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/507 frá 23. mars 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir píridoxínhýdróklóríði (B6-vítamíni) sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 515/2011 <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/508 frá 23. mars 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuruakefni fyrir fráfarugrísi og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 170/2011 (leyfishafi er Prosol S.p.A.) <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/551 frá 30. mars 2021 um leyfi fyrir túrmerikútrætti, túrmerikolíu, túrmerikóleóresíni úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir og túrmeriktinktúru úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fóðuruakefni fyrir hesta og hunda <sup>(11)</sup>.
- 12) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/507 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 515/2011 <sup>(12)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 13) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/508 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011 <sup>(13)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 100, 23.3.2021, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 4.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 8.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 11.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 111, 31.3.2021, bls. 3.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 40.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 8.

- 14) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 15) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2zw (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011):  
„– **32021 R 0426**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/426 frá 10. mars 2021 (Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 18).“
- Eftirfarandi er bætt við 218. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/962):  
„, breytt með:  
– **32021 R 0412**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/412 frá 8. mars 2021 (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2021, bls. 30).“
- Eftirfarandi er bætt við 353. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1097):  
„, breytt með:  
– **32021 R 0420**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/420 frá 9. mars 2021 (Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 16).“
- Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 398. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/367):  
„399. **32021 R 0421**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/421 frá 9. mars 2021 um leyfi fyrir tinktúru úr *Artemisia vulgaris* L. (búrótartinktúru) sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 21).
400. **32021 R 0422**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/422 frá 9. mars 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni fyrir varphænur

(leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) (Stjtið. ESB L 83, 10.3.2021, bls. 25).

401. **32021 R 0485:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/485 frá 22. mars 2021 um leyfi fyrir fôðuraukefnunum engiferilmkjarnaolíu úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir allar dýrategundir, engiferóleóresíni úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldisvín, gyltur, mjólkurkúr, eldiskálfa (staðgöngumjólk), eldisnautgripi, sauðfé, geitur, hesta, kanínur, fiska og gæludýr og engifertinktúru úr *Zingiber officinale* Roscoe fyrir hesta og hunda (Stjtið. ESB L 100, 23.3.2021, bls. 3).
  402. **32021 R 0505:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/505 frá 23. mars 2021 að því er varðar synjun um leyfi fyrir 60% fosfórsýru á kísilburðarefni sem fôðuraukefni sem tilheyrir virka hópnum rotvarnarefni (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 1).
  403. **32021 R 0506:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/506 frá 23. mars 2021 um leyfi fyrir metanþíóli sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 4).
  404. **32021 R 0507:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/507 frá 23. mars 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir pýridoxínhýdróklóríði (B6-vítamíni) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 515/2011 (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 8).
  405. **32021 R 0508:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/508 frá 23. mars 2021 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir fráfarugrísi og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 170/2011 (leyfishafi er Prosol S.p.A.) (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 11).
  406. **32021 R 0551:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/551 frá 30. mars 2021 um leyfi fyrir túrmerikútdrætti, túrmerikolíu, túrmerikóleóresíni úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og túrmeriktinktúru úr jarðstönglum *Curcuma longa* L. sem fôðuraukefni fyrir hesta og hunda (Stjtið. ESB L 111, 31.3.2021, bls. 3).“
5. Texti liðar 2zf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 515/2011) og 2t (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 170/2011) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/412, (ESB) 2021/420, (ESB) 2021/421, (ESB) 2021/422, (ESB) 2021/426, (ESB) 2021/485, (ESB) 2021/505, (ESB) 2021/506, (ESB) 2021/507, (ESB) 2021/508 og (ESB) 2021/551 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* gildir á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Rolf Einar Fife**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.